

Stjórnarfundur 7. janúar 2014 í Borgarnesi.

Mættir: Sigurður Guðmundsson, Aðalsteinn Símonarson, Ásgeir Ásgeirsson, Kristín Gunnarsdóttir og Pálmi Blængsson framkv.stj.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt með lítilsháttar breytingum.
  - \* Ávítur sem samþykkt hafði verið að senda BB voru ekki sendar bréflega heldur ræddu Pálmi og Sigurður málin við Pál og Bjarka hjá sveitarstjórn. Pálmi útskýrði af hverju en vilji er innan stjórnar til að þetta fari formlega til þeirra sem málið varðar sem og áminning um að erindi sem varða íþróttamálin fari beint til UMSB. Þetta bréf verði frekar vinsamleg ábending en skammarbréf.
2. Verkefni í gangi.
  - \* Pálmi og Sigurður hafa verið að vinna að viðaukasamningi 3 við BB. um upphæðir vegna umsjónar á íþróttavöllum. A.S. gerir athugasemd við að viðauki 2 skuli ekki vera tilbúinn og einnig að Kleppjárnsreykir, Varmaland og Sverrisvöllur skuli vera útundan. BB er með samning við aðra um umsjón með Varmalands og Kleppjárnsreykjavelli, og þurfa viðkomandi ungmennafélög og UMSB að fá afrit af verklýsingum þessarar umhirðu hjá BB svo auðveldara sé fyrir notendur og viðkomandi heimafélög að fylgjast með að það sem á að gera sé gert.
  - \* Stjórn UMSB lýsir óánægju með að vellirnir á Kleppjárnsreykjum og Varmalandi verði ekki í umsjón UMSB fyrr en í sept 2014.
  - \* Pálmi falið að vinna áfram að viðaukasamningi 2 og sá sé kaflaskiptur fyrir hvern völl fyrir sig.
  - \* Íþróttaskóli, Bragi, Finnur, Sólrún, Agnes, Jón Ingi og Pálmi ásamt fulltrúa BB vinna með hugmyndir að skólanum og komin er beinagrind að skólahugmyndinni. Jafnvel er hallast að uppbroti skóladagsins. UMSB stofnar skólann og vinnur áfram með Ásthildi og fræðslunefnd. Líklega um 80 % starf við utanumhald þessa.
3. Íþróttamaður Borgarfjarðar.
  - \*Tilnefningar frá félögunum þurfa að vera komnar fyrir 10 jan. tillögur almennings fyrir 13. jan. Auglýsa í Íbúanum eða hjá Borgarbyggð og á heimasíðunni okkar.
  - \* Aukaverðlaun. Marabonbikarinn og Íslandsmeistarar í fyrsta sinn. 5 efstu í kjörinu um íþróttamann ársins fá lítinn grip en aðrir skjal.
  - \* Tímasetning, Reyna að fá Frjálsíþróttafélagið og Sunddeildina til að halda íþróttahátíð 31. jan eða 8. febr og nýta það tækifæri til viðurkenninga, annars eftir körfuboltaleik.
4. Formannafundur, 28 jan - dagskrá.
  - \*Fyrirmyndarfélag – kynning frá Viðari hjá ÍSÍ.
  - \*Uppbygging íþróttamannvirkja, tillaga stjórnar
5. \*Nýir búningar UMSB atkvæðagreiðsla.
  - \*A.S. vill kynna drög að nýjum lögum UMSB sem laganevnd hefur unnið að.
  - \*Æskilegt að kynna einhverskonar samning/samvinnu vegna reikningshalds við KPMG.
  - \*Auglýsa þarf eftir framboðum til stjórnar – varasambandsstjóri og varamaður hans.
  - \* Reyna að fá Umf. Íslending til að halda fundinn.
6. Fulltrúi í forvarnarráð BB.
  - \*Óskað hefur verið eftir fulltrúa UMSB og Pálmi er til í að taka það að sér Önnur mál.
  - \* Aðalsteinn veltir upp húsnaðismálunum og við ætlum að reyna að hamra þau mál áfram með Skallagrímshúsið í sigti en einnig þarf að fá á hreint hverjir eiga húsin á Skallagrímsvelli og hvort einhverjir hafa sérstakan umráðarétt yfir þeim.
  - \* Samstarf v. BB – á sambandsþingi þurfa að koma fram upplýsingar um hvernig samstarfið gengur, einnig þarf að athuga hvort þingheimur samþykkir áframhaldið svo við vitum hvort framlengja eigi samninginn – virkar hann eða ekki ? Framkv. stj og sambandsstj. kynna málið.
  - \*Stefna á sambandsþing 8. mars og e.t.v. í Brautartungu. K.G. kannar það.

7. Næstu stjórnarfundir. \*

4. febrúar og 25. febr. Nauðsynlegt að stjórnarmenn taki þessi kvöld frá og einnig að varamenn séu tiltækir því þá eiga stjórnarmenn sjálfir að boða í sinn stað ef þeir ekki komast.